



Alþingi - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. október 2023
UST202310-037/B.S.
04.05

Efni: Tillaga til þingsályktunar um lagningu heilsársvegur í Árneshrepp. Umsögn

Vísað er til erindis nefndarsviðs Alþingis dags. 3. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu til þingsályktunar.

Umhverfisstofnun telur að ef leggja á heilsársveg norður Strandir er nauðsynlegt að velja vegstæði sem eru á snjóléttum svæðum og kalla á sem minnsta vetrarþjónustu á svo langri leið. Að mati Umhverfisstofnunar er fyrirhugaður vegur um Veiðileysuháls ekki slík framkvæmd þar sem vegstæði er valið hátt í hlíð sem kallar á miklar skeringar og að líkindum snjóþyngslum sem fylgt geta veglagningu svo hátt í landi.

Á umræddum kafla er verið að elta eldri veglínu þar sem var ófullkominn vegur þar sem ekki er unnt að koma nýjum vegi fyrir með góðu móti.

Umhverfisstofnun telur að ef leggja eigi heilsársveg norður Strandir þá ætti að skoða leiðina í heild og leggja áherslu á láglendisvegi á snjóléttum köflum sem kalla á minni vetrarþjónustu. Ekki ætti að óathuguðu máli að ráðast í vegagerð á einstökum köflum sem fylgja eldri veglínunum sem sennilega hafa aldrei verið hugsaðar sem heilsársvegur. Frekar ætti að skoða allt svæðið þar sem nýbyggingum sleppir án þess að fylgja núverandi vegstæði gagnrýnislaust.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Axel Benediktsson,
sérfræðingur